

Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá Fljótshéraði

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili á Fljótshéraði er veittur afsláttur af fasteignaskatti af samþykktu íbúðarhúsnæði, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Fljótshéraðs ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur á Fljótshéraði sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.
- c) hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.
- d) hafa ekki fullvinnandi einstakling/einstaklinga, aðra en maka búsetta á heimilinu. skilað hafa inn með umsókninni staðfestu afriti af skattframtali síðast liðins árs
- e) ásamt yfirliti yfir fjármagnstekjur sama árs.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að 91.000 kr. Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eignatekna og 50% fjármagnstekna síðast liðins árs, samkvæmt skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks. (tekjur í reitum 2.7 og 3.10 á skattframtali)

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Einstaklingar

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að 3.087.000 kr.

Engan afslátt með tekjur yfir 4.051.000 kr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að 4.341.000 kr.

Engan afslátt með tekjur yfir 5.500.000 kr.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur

6. gr.

Sækja skal um afslátt af fasteignaskatti á eyðublöðum frá Fljótshádalshéraði. Hægt er að sækja umsóknareyðublað á heimasíðu sveitarfélagsins www.fljotsdalsherad.is.

Með umsókn skal skila:

- a) afriti af skattframtali vegna síðast liðins árs, staðfestu af skattstjóra, með útfylltu yfirliti yfir fjármagnstekjur,
- b) afriti af örorkuskírteini ef umsækjandi er 75% öryrki.

7. gr.

Bæjarstjórn Fljótshádalshéraðs endurskoðar tekjumörk og hámark afsláttar í desember ár hvert, fyrir næsta ár.

Samþykkt í bæjarstjórn 4. desember 2019